

LÖG

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 85,3 milljónum SDR í 117,7 milljónir SDR. Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 23. september 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.